

| Forsætisráðuneytið | | | |
|--------------------|----------------|---------|----|
| Málsnr. | FOR 11050131 | Ábm. | PP |
| Db. | 2.4.60 | Aðrir | |
| Mótt. | 23 janúar 2012 | Svarfr. | |
| Aths. | | LVM | |

Reykjavík, 23. janúar 2012.

Forsætisráðuneytið
 Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra
 Stjórnarráðshúsinu
 150 Reykjavík

Efni: Nefnd um stefnumörkun ríkisins í auðlindamálum. Staða verkefnis og ósk um framlengdan starfstíma.

Vísað er til minnisblaðs ríkisstjórnar frá 31. maí 2011 um Auðlindasjóð og gjalddöku fyrir nýtingarrétt, erindisbréfs nefndar um stefnumörkun ríkisins í auðlindamálum og skipunarbréfa nefndarmanna frá því í júlí 2011.

Á þeim fimm fundum sem haldnir hafa verið í nefndinni frá formlegri skipun hennar hefur verið fjallað um mikilvægar skýrslur og samþykktir sem unnar hafa verið af hálfu stjórnvalda að undanfögnu á sviði auðlindamála, auk þess sem sérfræðingar hafa setið fyrir svörum og drög að skýrslu nefndarinnar verið rædd. Í meðfylgjandi minnisblaði er gerð nánari grein fyrir stöðu verkefnisins og framhaldi þess.

Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar skyldi forsætisráðherra skilað skýrslu fyrir 1. desember 2011. Með vísan til framangreinds minnisblaðs og umfangs verkefnisins að öðru leyti er þess hér með farið á leit að starfstími nefndarinnar verði framlengdur og lagt til að í því sambandi verði miðað við 1. júní næstkomandi.

Virðingarfyllst,



Arnar Guðmundsson, formaður

Meðfylgjandi:

Minnisblað til forsætisráðherra um stöðu verkefnis, dags. 20.1.2012.